



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Austurströnd 5 170 Seltjarnarnesi
sími: 520 5000 bréfasími: 520 5019
fms@fangelsi.is www.fangelsi.is

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

15. febrúar 2022

Umsögn um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (samfélagsþjónusta ungra brotamanna), 202. mál

Fangelsismálastofnun vill koma að athugasemdum við frumvarp til laga um almenn hegningarlög sem snýr að samfélagsþjónustu ungra brotamanna. Góð reynsla hefur verið af samfélagsþjónustu hér á landi. Rannsóknir hafa sýnt að endurkomutíðni þeirra sem afplána fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu er mun lægri en hjá þeim sem afplána refsingu í fangelsi. Um er að ræða gríðarlega mikilvægt fullnustuúrræði sem gefist hefur afar vel. Samkvæmt lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016 er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta allt að 24 mánaða óskilorðsbundið fangelsi með samfélagsþjónustu. Í greinargerð með frumvarpi þessu var sagt að refsingin mætti vera allt að 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi en vert er að taka fram að með lögum nr. 98/2021 var því breytt til bráðabirgða í 24 mánuði.

Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 má ákveða í dómi að fresta skuli með skilyrðum um tiltekinn tíma ákvörðun um refsingu eða fullnustu refsingar. Frestun skal vera bundin því skilyrði að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum en jafnframt má binda frestun öðrum skilyrðum, skv. 1-6. tölul. 3. mgr. 57. gr. Þar segir að hægt sé að setja aðila skilyrði um að sæta umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar, að hlíta fyrirmælum umsjónarmanns um dvalarstaði, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómsunda, að neyta ekki á skilorðstímanum áfengis eða deyfilyfja, að gangast undir að þola takmarkanir á umráðum yfir tekjum sínum eða öðru er fjárhag hans varðar eða greiða eftir getu fébætur fyrir tjón sem hann hefur valdið með broti sínu.

Flestir skilorðsbundnir dómar eru einungus bundnir því almenna skilyrði að aðilar gerist ekki sekir um nýtt brot á skilorðstímanum, skv. 3.mgr. 57. gr. alm. hgl. Hefur þessu verið líkt við að mönnum sé gefið gula spjaldið og haldi þeir skilyrðið kemur ekki til frekari aðgerða af hálfu dómstóla.

Sjaldgæft er að dómar séu bundnir sérskilyrðum, skv. 1.-6. tölul. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Fangelsismálastofnun hefur áður bent á að hér sé um að ræða vannýtta heimild sem ætti að vera hægt að beita í meira mæli. Ljóst er að sérskilyrðin eru til staðar í lögunum en hægt væri að nýta þau t.d. þegar um er að ræða unga brotamenn sem eiga við neysluvanda að stríða og þurfa á sértækum stuðningi og aðhaldi að halda. Nauðsynlegt er þó að efla slík stuðningsúrræði og þær stofnanir og sveitarfélög sem eiga að sinna því hlutverki svo að vel sé. Fangelsismálastofnun telur að beiting sérskilyrða hjá slíkum brotamönnum á aldrinum 15-21 árs, s.s. umsjón einstakra manna eða stofnana og bann við notkun áfengis- og deyfilyfja geti haft meiri varnaðaráhrif og uppeldislegt gildi í stað samfélagsþjónustu þegar um er að ræða skilorðsbundna dóma, þótt það úrræði nýtist mjög vel þegar um er að ræða óskilorðsbundna dóma þar sem það kemur í stað afplánunar í fangelsi.

Með samfélagsþjónustu eru menn látnir vinna tiltekin störf í þágu samfélagsins og getur slíkt vissulega haft ákveðið uppeldislegt gildi. Hins vegar er ekki almennt unnið sérstaklega með sértækan vanda þeirra einstaklinga meðan á henni stendur en að mati Fangelsismálastofnunar væru sérskilyrði skv. 57. gr. alm. hgl. um umsjón og eftirlit ásamt vímuefnaskilyrði almennt betur til þess fallin að styðja við þá ungu brotamenn sem þurfa á slíkri aðstoð að halda.

Eins og að framan greinir er unnt að fullnusta allt að 24 mánaða fangelsi með ólaunaðri samfélagsþjónustu og gefur því auga leið að margir ungir dómþolar taka refsingu sína út með slíkum hætti í stað þess að fara í fangelsi. Með því að leggja til að ungum brotamönnum á aldrinum 15-21 árs verði gert að sæta samfélagsþjónustu sem viðbótarskilyrði við skilorðsbundna dóma er mögulega verið að þyngja skilorðsbundna refsingu að óþörfu, frekar en að beita sérskilyrðum 1-6. tölul. þegar þörf er á þeim.

e. u.



**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2022

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (samfélagsþjónusta ungra brotamanna), þskj. 248, 202. mál.

Íslandsdeild Amnesty International vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 2. febrúar 2022, þar sem deildinni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (samfélagsþjónusta ungra brotamanna). Þakkar deildin fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Aukin áhersla á betrun, sáttamiðlun og samfélagsþjónustu sem fullnustuúrræði er kærkomin og mikilvæg fyrir ungt fólk sem hefur misstigið sig og komist í kast við lögin. Telur Amnesty International það ákaflega jákvætt að börn fái að afplána óskilorðsbundna dóma með samfélagsþjónustu. Tilgangurinn með þessu frumvarpi ætti að mati Amnesty International fyrst og fremst að vera sá að reyna að halda ungum brotamönnum frá fangelsi eins og mögulegt er, þ.e. í þeim tilvikum þegar um ítrekaða skilorðsbundna dóma er að ræða eða þegar til stendur að dæma ungan brotamann í óskilorðsbundið fangelsi.

Í 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013 segir að það sem barni sé fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. Samkvæmt 40. gr. hans segir enn fremur að viðbrögð við afbrotum barna eigi að miða að því að styrkja sjálfsmynd þeirra og hafa uppbyggileg áhrif. Samfélagsþjónusta er því úrræði sem gæti hentað vel fyrir börn sem brjóta af sér þar sem hún gefur þeim tækifæri til að axla ábyrgð á hegðun sinni með uppbyggilegum hætti. Úrræði, svo sem sáttamiðlun eða samfélagsþjónusta, krefjast þess að börn horfist í augu við afleiðingar háttsemi sinnar og eru þannig líklegri til að hafa jákvæð áhrif á sjálfsmynd og hegðun barna. Það er í samræmi við hagsmuni barna að veita dómurum heimild til þess að dæma börn og ungmenni til þess að inna af hendi samfélagsþjónustu eða gera samfélagsþjónustu að skilyrði fyrir skilorðsbundinni frestun refsingar.

Rétt gæti verið að gera þá kröfu að áður en dómari beiti úrræðinu fái hann mat eða umsögn barnaverndaryfirvalda eða annarra þar til bærra aðila um hvort rétt sé að gera samfélagsþjónustu sem skilyrði.

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Með tilliti til ofangreinds styður Íslandsdeild Amnesty International þær tillögur sem koma fram í umræddu frumvarpi.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Anna Lúðvíksdóttir'. To the right of the signature is a blue stamp that reads 'AMNESTY INTERNATIONAL Íslandsdeild'.

Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International